

Íslenska gámafélagið ehf.
Kalkslétta 1
162 Reykjavík - Kjalarnes

Reykjavík, 7. október 2025
UOS2501489/K.G.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 21. ágúst 2025 – ID 481

Þann 21. ágúst sl. fór fram reglubundið eftirlit í Íslenska gámafélagið ehf. að Kalksléttu 1 (áður Koparslétta 22) vegna spilliefnamóttöku. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin opin frávik voru frá síðasta eftirliti.

Eftirfarandi er yfirlit yfir stöðu frávika sem sett hafa verið fram vegna eftirlits sem fram fór þann 21. ágúst 2025. Starfsleyfi Íslenska Gámafélagsins tók fyrst gildi 6. september 2021 fyrir móttöku og meðhöndlun spilliefna að Kalksléttu 1 og Koparsléttu 22. Með úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála 24. febrúar 2022 í máli nr. 153/2021 var sú heimild, sem laut að Koparsléttu 22, felld úr gildi þar sem starfsemin samræmdist ekki skipulagi. Í framhaldi af þessum úrskurði samþykkti borgarráð Reykjavíkur 15. september 2022 breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðisins Esjumela á Kjalarnesi. Breytingin fólst í því að sameina lóðirnar undir heitinu Kalkslétta 1 og kveða á um að skilmálar þeirrar lóðar giltu fyrir hið sameinaða svæði. Breytingin öðlaðist þegar gildi í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Af þessu leiðir að Koparslétta 22 er ekki lengur sjálfstæð eining heldur hluti sameinaðrar lóðar sem ber heitið Kalkslétta 1. Í framhaldi af úrskurðinum gaf Umhverfisstofnun út lagfært starfsleyfi 7. apríl 2022 sem tók aðeins til Kalksléttu 1.

Sjö frávik komu fram í eftirliti 2025 er varða:

- 1. Gr. 3.4 og 3.5 í starfsleyfi.** Söfnunarþró fyrir frárennsli ekki til staðar í spilliefnamóttöku. Starfsleyfi kveður á um slíkan búnað.
- 2. Gr. 4.3 í starfsleyfi.** Olíu- og sandskilja af flokki 2 (NS13) stenst ekki skilyrði starfsleyfis. Starfsleyfið kveður á um losunarmörk 10 mg/l sem aðeins skilja af flokki 1 getur uppfyllt.
- 3. Gr. 2.3 í starfsleyfi.** Spilliefni geymd utandyrá í ólæstum hirslum. Öll spilliefni skulu geymd innandyrá eða í læstum gámum utan vinnutíma.

4. **Gr. 4.2 í starfsleyfi.** Engar vöktunarmælingar voru framkvæmdar hjá rekstraraðila 2024. Rekstraraðili skal vakta frárennsli einu sinni á ári og fyrir hverja tæmingu safnþróar. **Rekstraraðili hefur uppfært verklýsingu fyrir reglubundið eftirlit með mengunarvarnabúnaði. Þar kemur fram verklag við reglubundið viðhald og framkvæmd vöktunarmælinga. Frávikinu er lokið**
5. **Gr. 2.4 í starfsleyfi.** Skortur á verklýsingu fyrir reglubundið eftirlit með mengunarvarnabúnaði. **Rekstraraðili hefur uppfært verklýsingu fyrir reglubundið eftirlit með mengunarvarnabúnaði. Þar kemur fram verklag við reglubundið viðhald og framkvæmd vöktunarmælinga. Rekstrarstjóri sér til þess að sýni séu tekin og þau send Matís til greininga. Frávikinu er lokið.**
6. **Gr. 4.3 í starfsleyfi.** Of há gildi mældust fyrir olíu (12 mg/L) og blý (0,896 mg/L) í úttaki olíuskilju, umfram leyfileg mörk starfsleyfis (10 mg/L og 0,3 mg/L). **Rekstraraðili hefur framkvæmt mælingar í ágúst 2025 sem voru undir mörkum starfsleyfis. Frávikinu er lokið.**
7. **Gr. 4.5 í starfsleyfi.** Seinkun á skilum ársyfirlits 2024. Rekstraraðila ber að skila ársyfirliti fyrir 1. maí ár hvert. **Ársyfirliti 2024 var skilað 26 ágúst 2026. Frávikinu er lokið.**

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum (1-3) í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 28. október 2025.

Virðingarfyllst,

Kjartan Guðmundsson

Teymis eftirlits

Sigríður Magnúsdóttir

Teymi eftirlits